



Mikil aukning í kortaveltu bæði innanlands og erlendis

Velta innlendra greiðslukorta jókst um 25% að raunvirði milli ára í apríl. Ólíkt fyrstu 3 mánuðum ársins þegar verslun jókst einungis erlendis þá var aukning milli ára bæði innanlands og erlendis.

Mesta aukning milli ára

Seðlabanki Íslands birti fyrir helgi gögn um veltu innlendra greiðslukorta í apríl.¹ Samanlagt jókst kortavelta um 25% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Þetta er mesta aukning sem mælst hefur milli ára.² Þar áður hafði greiðslukortavelta mest aukist um 24% milli ára bæði í apríl 2021 og apríl 2020, en þá var veirufaraldurinn með öllum sínum takmörkunum á neyslu í hámarki. Sé miðað við aprílmánuð 2019 sést að kortavelta er 19% meiri að raunvirði.


Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 79 mö.kr. og jókst um 10% milli ára á föstu verðlagi, en fyrstu þrjú mánuði ársins var kortavelta innanlands nokkurn veginn óbreytt milli ára. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 21,6 mö.kr. og jókst um 145% milli ára miðað við fast gengi. Alls var um 80% veltunni í apríl í verslun innanlands og 20% erlendis. Hins vegar skýrist tæplega 40% af aukinni veltu milli ára af aukinni veltu innanlands og rúmlega 60% af aukinni veltu erlendis.

Mikil fjölgun milli ára af brottförum Íslendinga um Leifsstöð


Brottfarir Íslendinga í gegnum Leifsstöð voru um 58.200 talsins í apríl. Til samanburðar voru þær 2.900 í apríl í fyrra og 230 í apríl 2020. Það þarf því ekki að koma á óvart að sjá mikla aukningu á veltu erlendis.

Ef við berum saman kortaveltu erlendis og fjölda brottfara Íslendinga um Leifsstöð frá byrjun árs 2020 sést að það fylgist nokkuð vel að þannig að

Velta innlendra greiðslukorta



Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.

² Þ.e. frá nóvember 2007, en skipting á veltu innlendra greiðslukorta niður á verslun nær ekki lengra aftur.



heildarveltan er u.þ.b. 7 mö.kr. óháð fjöldi brottfara og síðan 250 þúsund krónur á hverja brottför.


Þetta samband skýrist af því að inni í kortaveltutölum er notkun Íslendinga þegar þeir ferðast erlendis en einnig öll netverslun, til að mynda kaup á ýmissi þjónustu erlendra streymisveita. Lauslega má áætla út frá þessu að Íslendingar sem heild séu að verja kringum 7 ma.kr. á mánuði í erlendri netverslun og þjónustu erlendra streymisveita. Síðan strauja Íslendingar að meðaltali greiðslukort fyrir um 250 þúsund krónur að meðaltali í hverri utanlandsferð.

Mikill gangur í hagkerfinu

Velta innlendra greiðslukorta er sú skammtíma vísbending sem mest er horft á til þess að fylgjast með þróun einkaneyslu milli þess sem Hagstofan birtir tölur um landsframleiðslu.

Einkaneysla er um helmingur af landsframleiðslunni, þannig að þróun kortaveltu segir mikið til um hversu mikil spenna eða slaki er í hagkerfinu. Tölur aprílmánaðar benda sterklega til að mikill gangur sé í hagkerfinu. Það eykur líkur á því að Seðlabankinn þurfi að halda áfram að taka stór skref í stýrivaxtaákvörðunum sínum til þess að kæla þá miklu eftirspurn sem nú ríkir með tilheyrandi þrýstingi á verðlag.

Utanlandsferðir og kortavelta erlendis



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.